

Persónuverndarstefna sparisjóðsins

Markmið

Sparisjóðurinn tryggir að öll meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“). Markmið persónuverndarstefnunnar er að viðskiptavinir, einstaklingar sem tengjast lögaðilum í viðskiptum og birgjum, starfsfólk, umsækjendur um starf, notendur og aðrir sem sjóðurinn vinnur með upplýsingar um geti áttað sig á:

- af hverju sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar;
- hvaða persónuupplýsingar sjóðurinn vinnur með;
- hvaðan sjóðurinn fær persónuupplýsingar;
- hver lagagrundvöllur vinnslunnar er;
- hverjir kunna að fá upplýsingarnar í hendur;
- hvernig öryggis er gætt;
- hve lengi upplýsingar eru varðveittar;
- réttindum sem þeir eiga m.t.t. persónuverndar;
- hvert þeir geti leitað eftir frekari upplýsingum um meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum o.fl.

Ábyrgðaraðili

Sparisjóður Þingeyinga ses., kt. 530990-2149, telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga sem persónuverndarstefna þessi nær til:

Samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila:

Heimilisfang: Kjarni, 650 Laugum

Netfang: spthin@spthin.is

Símanúmer: 464 6200

Í þeim tilvikum þegar sjóðurinn vinnur upplýsingar sem tengjast vörum og þjónustu Lífsvals kemur sjóðurinn fram sem sameiginlegur ábyrgðaraðili.

Af hverju vinnur sparisjóðurinn með persónuupplýsingar?

Sparisjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar í ýmsum tilgangi, svo sem til að:

- stofna til samningsbands, uppfylla samningsskyldur, veita þjónustu, auka skilvirkni og geta átt í samskiptum viðskiptavini;

- stofna til samningssambands við lögaðila, uppfylla samningsskyldur gagnvart þeim, veita þjónustu, auka skilvirkni og geta átt í samskiptum við tengiliði þeirra;
- meta hæfi umsækjenda um starf m.t.t. þess starfs sem sótt er um.
- stofna til samningssambands við starfsmenn og uppfylla samningsskyldur gagnvart þeim;
- uppfylla lagaskyldur sem hvíla á sjóðnum, t.d. samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga;
- gæta lögmætra hagsmuna sjóðsins, t.d. í tengslum við innra eftirlit, áhættustýringu, öryggis- og eignavörslu, þjónustukannanir, samskipti, notkun á stafrænum lausnum, greiningar, þróun þjónustu o.fl.

Hvaða persónuupplýsingar vinnur sparisjóðurinn með?

Viðskiptavinir

- Auðkennisupplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, rafrænt auðkenni og afrit af persónuskilríkjum.
- Samskiptaupplýsingar, þ.e. upplýsingar um heimilisfang, búsetuland, símanúmer og netfang.
- Upplýsingar um fjölskylduhagi, þ.e. sambúðarstöðu, hjúskaparstöðu, maka og börn.
- Fjárhagslegar upplýsingar er varða þá vöru eða þjónustu sem viðskiptavinur óskar eftir eða er með hjá sparisjóðnum og/eða Lífsvali, s.s. upplýsingar um viðskiptasögu, greiðslugetu, veltu, stöðu á reikningum o.s.frv.
- Upplýsingar um eignastöðu, s.s. fasteignir og bifreiðir ef við á.
- Upplýsingar er tengjast tryggingum til trygginga skuldbindinga við sjóðinn. Sjóðurinn vinnur með upplýsingar er tengjast slíkum tryggingum, þ.m.t. fastanúmer fasteigna, bílnúmer, vörubirgðir, jarðir, ábyrgðaraðila og annað sem nýtt er í þessu samhengi.
- Tengsl aðila við atvinnulífið, þ.e. eignarhlutir í félögum, staða innan félaga, stjórnarseta og önnur tengsl.
- Upplýsingar um tengsl viðskiptavinar við háttsetta einstaklinga í opinberri þjónustu.
- Upplýsingar er tengjast skráningum viðskiptavina Lífsvals í rekstri sparisjóðsins, þjónustu við þá eða í tengslum við útgreiðslu inneignar/réttinda sjóðfélaga.
- Notkunarupplýsingar, þ.e. í tengslum við notkun á stafrænum lausnum sparisjóðsins, s.s. heimabanka og smáforriti.
- Upplýsingar er varða þjónustuupplifun, t.d. sem aflað er úr þjónustu- og samskiptakönnunum.

- Gerð persónusniðs, þ.e. sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga sem felst í því að nota persónuupplýsingar án manlegrar aðkomu til að greina eða spá fyrir um ákveðna þætti, s.s. fjárhagsstöðu og áreiðanleika, t.d. við stofnun sparnaðarreiknings.

Einstaklingar sem tengjast lögaðilum, birgjum og eftirlitsaðilum

Í þeim tilvikum þegar viðskiptavinir eru lögaðilar vinnur sjóðurinn með samskiptaupplýsingar forsvarsmanna þeirra, t.d. er unnið með undirritunarheimildir og stöðu viðkomandi. Þá vinnur sjóðurinn með upplýsingar um eigendur viðkomandi lögaðila, stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruumboð, ábyrgðaraðila og eftir atvikum aðra tengiliði. Það sama á við um birgja, samstarfsaðila og eftirlitsaðila hvað samskiptaupplýsingar tengiliða og forsvarsmanna varðar og í einhverjum tilfellum eigendur.

Umsækjendur um starf

Sjóðurinn vinnur með umsóknir um störf hjá honum og þær upplýsingar sem þar koma fram, s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, menntun, hæfni og starfsreynslu. Þá kann sjóðurinn að vinna með upplýsingar um meðmælendur og upplýsingar sem aðgengilegar eru opinberlega, s.s. á samfélagsmiðlum.

Ef sjóðurinn býður umsækjanda starf er að jafnaði óskað eftir sakavottorði og upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi ásamt annars konar upplýsingum, s.s. sem staðfestingu á menntun og reynslu. Hið sama kann að eiga við um starf hjá dótturfélögum sjóðsins eftir tegund starfs.

Starfsmenn

Á meðan starfsmaður starfar hjá sparisjóðnum vinnur sparisjóðurinn með auðkennis- og samskiptaupplýsingar starfsmanns, s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang. Jafnframt vinnur sjóðurinn með aðrar nauðsynlegar upplýsingar á borð við laun, viðveru, veikindi, stéttarfélag, lífeyrissjóð, orlof o.fl. Þá verða jafnframt til upplýsingar um aðgerðir sem starfsmaðurinn viðhefur í kerfum sjóðsins.

Rafræn vöktun

Sjóðurinn viðhefur rafræna vöktun í formi hljóðritunar símtala og með notkun eftirlitsmyndavéla. Vöktun með myndavélum fer fram í útibúum sjóðsins og við hraðbanka. Sparisjóðurinn varðveitir því hljóðupptökur sem bera með sér upplýsingar um samtöl við einstaklinga og myndefni sem ber með sér upplýsingar um ferðir manna.

Notendur heimasíðu

Vefkökur eru litlar textaskrár sem geymdar eru á tölvu notanda, eða snjalltæki, þegar hann heimsækir vefsíðu. Sparisjóðurinn notar einungis nauðsynlegar vefkökur til að tryggja eðlilega virkni síðunnar.

Önnur vinnsla

Í þeim tilvikum er aðrir en viðskiptavinir, eða tengiliðir og forsvarsmenn viðskiptavina og annarra samstarfs- og eftirlitsaðila, setja sig í samband við sjóðinn kann sparisjóðnum að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar viðkomandi. Það á t.a.m. við ef sjóðnum berst styrktarbeiðni frá einstaklingi og/eða hvers konar ábending er lýtur að sparisjóðnum, Lífsvali

og/eða samstarfsaðilum eða birgjum hans.

Hvaðan fær Sparisjóðurinn persónuupplýsingar?

Sparisjóðurinn aflar persónuupplýsinga um aðila frá þeim sjálfum eða umboðsmanni. Þá aflar sparisjóðurinn upplýsinga úr opinberum skráum sem nýttar eru til almennra nota og frá gagnavinnslum eins og Creditinfo í samræmi við reglur þar um. Kjósi viðskiptavinur að veita ekki persónuupplýsingar er sjóðnum óheimilt að veita honum þjónustu tengda bankaviðskiptum.

Viðskiptavinir og notendur geta látið af hendi persónuupplýsingar með óbeinum hætti s.s. í tengslum við notkun á stafrænum lausnum sem sjóðurinn býður upp á.

Þá er upplýsinga aflað með rafrænni vöktun, þ.e. með eftirlitsmyndavélum og hljóðritun símtala.

Lagagrundvöllur vinnslu

Öll vinnsla bankans á persónuupplýsingum byggir á heimild í persónuverndarlögum samkvæmt eftirfarandi:

Ráðstafanir áður en samningur er gerður / Samningsskyldur (2. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga):

Vinnsla persónuupplýsinga um umsækjendur um starf byggir á ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru áður en samningur er gerður. Þá er vinnsla persónuupplýsinga jafnframt oft nauðsynleg í þeim tilgangi að uppfylla samningsskyldur gagnvart starfsmönnum og viðskiptavinum. Þá kann sjálfvirk ákvarðanatáka að fara fram þegar hún er talin forsenda þess að unnt sé að gera eða efna samning við viðskiptavin. Í þessum tilfellum byggir heimild til vinnslu persónuupplýsinga á 2. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

Lagaskylda (3. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga):

Sparisjóðunum ber skylda á grundvelli laga til að þekkja viðskiptavini sína, hvort sem um ræðir einstaklinga eða lögaðila, og starfar í samræmi við eigin lög sem um starfsemina gilda, s.s. lög um fjármálafyrirtæki, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Þegar lög skylda sparisjóðinn til að vinna með persónuupplýsingar, t.d. í tengslum við framkvæmd áreiðanleikakannana og hljóðritun símtala, byggir heimild til vinnslu persónuupplýsinga á 3. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

Lögmætir hagsmunir (6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga):

Í tengslum við innra eftirlit, áhættustýringu, eftirlitsmyndavélar, greiningar, samskipti við tengiliði, þjónustukannanir, þróun þjónustu og notkun á stafrænum lausnum byggir vinnsla persónuupplýsinga á lögmætum hagsmunum sjóðsins og styðst við heimild í 6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

Samþykki (1. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga):

Öflun fjárhagsupplýsinga frá þriðja aðila byggir á samþykki viðskiptavina. Þá fer sjálfvirk

ákvarðanataka einnig iðulega fram á grundvelli samþykkis viðskiptavina. Ef um er að ræða viðskipti eða þjónustu við barn undir 13 ára aldri, t.d. vegna stofnunar greiðslureiknings, útgáfu greiðslukorta, stofnun séreignar og opnun aðgengis að heimabanka og smáforriti, þá er gerður samningur eða aflað sérstaks samsþykkis frá forráðamönnum. Þegar vinnsla persónuupplýsinga grundvallast á samþykki einstaklinga styðst hún við heimild í 1. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

Vinnulöggjöf (2. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga):

Sparisjóðurinn kann að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar starfsmanna á borð við veikindi og stéttarfélag að því marki sem það er nauðsynlegt til að sparisjóðurinn geti staðið við skuldbindingar og starfsmaður nýtt sér réttindi samkvæmt vinnulöggjöf. Byggir vinnslan þá á 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga.

Miðlun persónuupplýsinga

Viðskiptaupplýsingar sem sparisjóðurinn vinnur með eru varðar með bankaleynd. Allt starfsfólk sjóðsins skrifar undir þagnareid við upphaf starfs og er því óheimilt að veita utanaðkomandi upplýsingar án samþykkis viðskiptavinar eða nota þau í öðrum tilgangi en að ofan er nefnt.

Sparisjóðnum kann þó að vera nauðsynlegt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila til að framfylgja skyldum samkvæmt samningi, t.d. til Reiknistofu bankanna og til kortafyrirtækja vegna framkvæmdar viðskipta

Sparisjóðnum kann einnig að vera skylt að samkvæmt lögum að afhenda persónuupplýsingar fari yfirvöld fram á það, t.d.:

- Skattfyfirvöld og tollgæsla
- Seðlabanki Íslands
- Embætti héraðssaksóknara
- Lögreglu
- Tryggingastofnunar vegna greiðslu lífeyris frá stofnuninni

Þá kann sparisjóðurinn að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila en það er nauðsynlegt til að gæta að lögmætum hagsmunum sjóðsins, t.d.:

- Endurskoðenda í tengslum við bókhald og reikningsskil sjóðsins.
- Lögmanna í tengslum við hagsmunagæslu og rekstur dómsmála.
- Tryggingafélaga í tengslum við kröfugerð.

Vinnsluaðilar

Sparisjóðurinn fær ýmsa þjónustu frá utanaðkomandi aðilum, s.s. í tengslum við rekstur upplýsingatæknikerfa. Þjónustuveitendur kunna að fá aðgang að persónuupplýsingum ef það er nauðsynlegt í tengslum við þjónustu þeirra við sjóðinn og teljast þeir þá vinnsluaðili

persónuupplýsinga. Sparisjóðurinn tryggir að vinnsluaðilar hafi gripið til öryggisráðstafana til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Jafnframt er gerður vinnslusamningur við alla þjónustuaðila sem kveður á um skyldu þeirra til að tryggja trúnað og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli sparisjóðsins.

Öryggi persónuupplýsinga

Sparisjóðurinn hefur gert tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir sem miða að því að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Þær ráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá viðhefur sjóðurinn innra eftirlit með ofangreindu og endurskoðar áhættumat sitt og viðbrögð reglulega.

Varðveislutími persónuupplýsinga

Upplýsingar er varða viðskiptavin eru varðveittar á meðan viðskiptasamband er í gildi og í samræmi við lög eftir að viðskiptasambandi lýkur.

Bókhaldsgögn eru varðveitt í sjö ár.

Upplýsingar er tengjast peningþvætti og könnun á áreiðanleika viðskiptavina eru varðveitar í fimm ár frá því einstökum viðskiptum eða viðskiptasambandi lauk. Hið sama á við um afrit af viðskiptafyrirmælum.

Efni úr eftirlitsmyndavélum er varðveitt í 30 daga. Hljóðupptökur úr símtölum geta verið varðveittar í allt að 5 ár.

Umsóknir um starf eru varðveittar að hámarki í 12 mánuði. Ef umsækjandi er ráðinn er umsóknin geymd á meðan starfssamband er í gildi og í allt að 4 ár eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Starfsmannagögn eru varðveitt á meðan starfssambandið er í gildi og í allt að 4 ár eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Allar framangreindar upplýsingar kunna þó að vera geymdar lengur ef það er nauðsynlegt vegna lögmætra hagsmuna sparisjóðsins.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar eiga tiltekin réttindi samkvæmt persónuverndarlögum. Þau réttindi eru þó ekki fortakslaus og kunna að vera takmörkunum háð, t.d. ef réttindi annarra vega þyngra. Í öllum tilfellum geta einstaklingar þó óskað eftir því að nýta réttindi sín með því að senda beiðni á spthin@spthin.is

Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi einstaklinga varðandi persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga:

Réttur til að afturkalla samþykki

Hafi einstaklingur veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga á hann ávallt rétt á að afturkalla það. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fór fram áður en samþykkið var afturkallað

Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum

Einstaklingar eiga rétt til upplýsinga um þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað hjá sparisjóðnum og til afrits af þeim persónuupplýsingum sem snerta þá.

Réttur til leiðréttingar og eyðingar á persónuupplýsingum

Einstaklingar eiga rétt á að upplýsingar um þá séu áreiðanlegar og réttar. Þá geta einstaklingar í sumum tilvikum átt rétt á að upplýsingum um þá sé eytt.

Réttur til takmörkunar á vinnslu

Einstaklingur getur átt rétt á að takmarka vinnslu persónuupplýsinga hjá sparisjóðnum. Það getur t.d. átt við ef hann vefengir að persónuupplýsingar séu réttar, vinnslan er ólögmæt, sparisjóðurinn þarf ekki á þeim að halda en viðkomandi þarfnast þeirra til að hafa uppi, stofna eða verja réttarkörfu eða hann hefur andmælt vinnslunni og ríkari hagsmunir réttlæta ekki að henni sé haldið áfram.

Réttur til að flytja persónuupplýsingar

Í vissum tilfellum geta einstaklingar átt rétt á að persónuupplýsingar þeirra séu fluttar til annars ábyrgðaraðila.

Réttur til að andmæla

Einstaklingar eiga rétt á að andmæla tiltekinni vinnslu, t.d. í tengslum við markaðssetningu og rafræna vöktun.

Réttur til mannlegrar íhlutunar vegna sjálfvirkrar ákvarðanatöku

Einstaklingar eiga ávallt rétt á að mannlegri íhlutun ef vinnsla persónuupplýsinga um þá hefur farið fram með sjálfvirkri ákvarðanatöku.

Persónuverndarfulltrúi

Sparisjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa í samræmi við persónuverndarlög. Þeir einstaklingar sem sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar um og hafa frekari fyrirspurnir um meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum þeirra, eða vilja nýta réttindi sín, geta sent erindi á persónuverndarfulltrúa í gegnum netfangið sphthin@sphthin.is

Ágreiningur

Komi til ágreinings um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar á tölvupóstfangið postur@personuvernd.is eða með því að senda bréfaþóst til:

Útgefið 18.02.2026



Persónuvernd
Laugavegur 166
105 Reykjavík

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og getur tekið breytingum hvenær sem er, án fyrirvara. Ný útgáfa skal auðkennd með útgáfudegi. Stefnuna má finna á vef sparisjóðsins <http://www.spar.is/>. Allar fyrirspurnir um meðhöndlun persónuupplýsinga og persónuverndarstefnu sjóðsins má senda á netfangið spthin@spthin.is .